Mánudaginn 8. september 1997.

Nr. 358/1997. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Cörlu Wolff
(Bjarni Þór Óskarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. september 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 28. október 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. september 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 2. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og einnig með vísan til b-liðar 1. mgr. sömu lagagreinar, að Cörlu Wolff, hollenskum ríkisborgara, fæddri 19. febrúar 1946 í Rotterdam í Hollandi, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hennar, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 28. október 1997 kl. 16.00. Ákærða er grunuð um brot gegn 173. gr., a-lið, almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Ákærða hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1996.

– – –

Ákæra á hendur ákærðu var gefin út 24. júní sl. Í ákæru er henni gefið að sök að hafa í félagi við annan mann staðið að innflutningi á 9,754,3 gr af hassi til Íslands 11. desember sl., og er brotið talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu, gögnum málsins og því, hversu mikið magn fíkniefna ákærða flutti til landsins, um 9,7 kg af hassi, þykir sterkur grunur liggja fyrir um, að ákærða hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Um er að ræða stórfellt fíkniefnamisferli, sem er mjög alvarlegt brot, og verður því með skírskotun til framangreinds að fallast á, að skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt, og þykja ákvæði 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, ekki breyta þessari niðurstöðu.

Með skírskotun til ofangreinds og samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og b-lið 1. mgr. sömu lagagreinar, verður ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi í samræmi við kröfu ríkissaksóknara.

Úrskurðarorð:

Ákærða, Carla Wolff, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur gengur í máli hennar, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 28. október 1997 kl. 16.00.